

2. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

22. mars 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 19:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH) og Inger Erla Thomsen (IGT) í gegnum Skype, ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 19:26

Dagskrá:

1. **Opinber fundargerð 20. fundar** fyrrverandi stjórnar var samþykkt.
2. **RSK málið:** SHB upplýsir stjórn um synjanir um tilkynningu um breytingu á stjórn og nafni félagsins sem bárust LUF 12. mars síðastliðinn. Ákveðið var að kæra niðurstöðurnar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. SHB tekur að sér umsjón yfir kærinni.
3. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. **Staða framkvæmdar #ÉgKýs 2018:**
 - i. Met þátttaka: 24 skólar hafa skráð sig.
 - ii. Fjármögnun: RVK-borg fjárstyrkir verkefnið með því að greiða fyrir uppfærsluna á eglýs.is, Samband íslenskra sveitarfélaga styrkir verkefnið um 1,5 m.kr., Mennta- og menningarmálaráðuneytið 1 m.kr. og vilyrði hefur borist frá Æskulýðsráði. Neikvæð svör hafa borist frá heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra. Aðrir hafa ekki svarað, en væntað er jákvæðs svars frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.
 - b. **Þriðji fundur Æskulýðsráðs:** fór fram hér í Hinu Húsinu þar sem TI kynnti nýja stefnu LUF fyrir ráðinu. Markmiðasetning ráðsins fyrir árið 2018 var samþykkt þar sem endurskoðun á Æskulýðslögum voru sett í forgang, sem var tillaga frá TI, fulltrúa LUF í ráðinu.
 - c. **NORDBUK fundur í Stokkhólmi:** TI fer á fyrsta fund nefndarinnar 7. - 9. maí.
4. **Lög og handbók skuggakosninga** var samþykkt.
5. **Lækkun kosningaaldurs:** UH og TI sóttu fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í dag fyrir 3. umræðu þingsins um frumvarpið.
6. **Beiðni frá ungmennaráði UMFÍ** um að fá TI í pallborð á lýðræðisráðstefnu. Samþykkt að TI fari ef ráðstefnan er ekki á sama tíma og atkvæðagreiðslan um lækkun kosningaaldurs á Alþingi.
7. **Alþjóðamál:**
 - a. **Agenda 2030 Up North:** IET vinnur að þýðingu ályktunar þátttakenda ráðstefnunnar yfir á Íslensku. Þegar tillögurnar hafa verið þýdd á öll norræn tungumál er verkefninu lokið.

- b. Boð á fund um umhverfismál í Finnlandi:** UH lýsir yfir áhuga á að mæta fyrir hönd LUF. Lagt er til að RKF sækji einnig fundinn og að LUF bjóði fulltrúum frá Ungum umhverfissinum.
- c. Boð á ungmennaráðstefnu í Svíþjóð:** TI verður í sambandi við RKF og LMJ varðandi ákvarðanir um þátttakendur.

8. Undirbúningur fyrir 1. fulltrúaráðsfund 30. apríl:

- a.** Fundarboð til ráðsins verður sent úr í síðasta lagi þann 16. apríl.
- b.** Ritari ráðherra hefur óskað eftir dagskrá og lista yfir þátttakendur. TI falið að senda upplýsingarnar um leið og þær liggja fyrir.
- c.** Samþykkt að fela TI að panta nýjan roll-up stand með LUF merki ef hann fæst á viðráðanlegu verði.
- d.** SHB og MÖÓ hittast 4. apríl til að ljúka við rekstraráætlun að fullu.

9. Næsti stjórnarfundur: 5. apríl kl. 19:00.

10. Önnur mál: Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:20
UH ritaði fundargerð.*